Grunnskólinn á Hólmavík

Bekkjarnámskrá 7. bekkjar

í Grunnskólanum á Hólmavík skólaárið 2011-2012

Fyrir foreldra

Umsjónarkennarar: Hrafnhildur Guðbjörnsdóttir
Jóhanna Ása Einarsdóttir

Bekkjarnámskrá 7. bekkjar 2011-2012

1. Bekkurinn

Nemendalisti

Birta Rut Hauksdóttir	Jón Stefánsson
Guðjón Alex Flosason	Kristný Maren Þorvaldsdóttir
Íris Jóhannsdóttir	Trausti Rafn Björnsson
Jamison Ólafur Johnson	Una Gíslrún Kristinsdóttir Schram

Kennarar og námsgreinar

Árný Huld Haraldsdóttir	danska
Dagrún Magnúsdóttir	listir
Hildur Guðjónsdóttir	enska
Hrafnhildur Guðbjörnsdóttir	íslenska, stærðfræði, tjáning, heimilisfræði, lífsleikni og umsjón.
Jóhanna Ása Einarsdóttir	stærðfræði, náttúrufræði, íslenska, tjáning, heimilis-fræði, lífsleikni og umsjón.
Kolbeinn Skagfjörð Jósteinsson	íþróttir
Steinar Ingi Gunnarsson	upplýsingatækni
Victor Örn Victorsson	samfélagsfræði

Umsjónarkennari

Umsjónarkennari hefur veigamiklu hlutverki að gegna m.t.t. sinna umsjónarnemenda. Hann skal öðrum kennurum fremur fylgjast með námsframvindu sinna nemenda, fylgjast með skólasókn þeirra, vera í traustu sambandi við foreldra, sjá um að nemendur fái þá þjónustu sem þeim ber skv. lögum og reglum s.s. viðeigandi sérfræðiþjónustu o.fl. Umsjónarkennarar 7. bekkjar skólaárið 2011-2012 eru Hrafnhildur Guðbjörnsdóttir og Jóhanna Ása Einarsdóttir. **Velkomið er að hringja í okkur í skólann.** Netföngin eru hrafnh@snerpa.is og stebbij@snerpa.is.

Nemendaverndarráð

Hlutverk nemendaverndarráðs skólans er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi heilsugæslu, námsráðgjöf og sérfræðiþjónustu og vera skólastjóra til aðstoðar við gerð og framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur. Nemendaverndarráð sér um skipulagningu á sérkennslu skólans, skiptingu tíma milli nemenda og hefur frumkvæði að allri umfjöllun um sérþarfir nemenda í skólanum. Á skólaárinu 2011 – 2012 eiga eftirtaldir fulltrúar sæti í nemendaverndarráði: Aðstoðarskólastjóri, sem jafnframt er formaður, fulltrúi sérkennslu, skólahjúkrunarfræðingur og Félagsmálastjóri Stranda- og Reykhólahrepps.

Foreldrar nemenda geta óskað eftir athugun, greiningu og ráðgjöf fyrir börn sín. Auk þessa geta skólastjórnendur, kennarar, náms- og starfsráðgjafar, eða eftir atvikum annað starfsfólk skólans eða skólaheilsugæslu, lagt fram

ósk um sérfræðiaðstoð í samráði við og með samþykki foreldra. Öllum beiðnum skal vísað skriflega til umsjónarkennara. Sé umsjónarkennari af einhverjum völdum vanhæfur til að fylgja eftir beiðni skal máli vísað skriflega til aðstoðarskólastjóra.

Þurfi nemandi að mati umsjónarkennara á sérstakri aðstoð að halda vegna fötlunar, sjúkdóms eða námslegra, félagslegra eða tilfinningalegra erfiðleika, skal umsjónarkennari vísa málinu skriflega til aðstoðarskólastjóra sem leggur málið fyrir nemendaverndarráð.Í rökstuðningi umsjónarkennara þarf að koma fram með skýrum og greinargóðum hætti í hverju aðstoð við nemendann á að felast að hans mati og skulu greinargóðar upplýsingar fylgja um hvað hefur verið gert/reynt til að koma til móts við þarfir nemandans.

Nemendaverndarráð fjallar um beiðnir varðandi sérstök úrræði til handa einstaka nemenda. Nemendaverndarráð er aðeins heimilt að fjalla um beiðnir sem lagðar hafa verið fyrir ráðið skriflega og með fullnægjandi rökum en vísar þeim að öðrum kosti aftur til umsjónarkennara.

Nemendaverndarráðið metur hvaða viðbótarupplýsinga er þörf og boðar á sinn fund umsjónarkennara og forráðamenn nemenda svo og aðra aðila sem tengjast máli nemandans ef þörf krefur.Nemendaverndarráð skal vinna úr beiðnum eins hratt og kostur er.Ráðið hefur að hámarki 30 daga til að komast að niðurstöðu. Umsjónarkennari og foreldrar skulu upplýstir skriflega um niðurstöðuna.

2. Námsmarkmið, leiðir, námsmat og námsefnisskrá

Heimanám

Nemendur skrá heimanám sitt nú sjálfir niður í Skjatta, en kennari skráir það á töfluna og gefur nemendum tíma til að skrá það niður. Allir hafa ákveðið lágmark sem þeir verða að standa skil á. Þessi aðferð þjálfar nemendur í að skipuleggja nám sitt og gerir þá ábyrga fyrir eigin námi. Mjög mikilvægt er að nemendur standi við áætlanir og vandi vinnu sína.

Hvetjum við foreldra til að hafa samband ef þeir teljið eitthvað vera ábótavant og teljum við mjög mikilvægt að gott samband sé á milli heimila og skóla

Íslenska

Kennari: Hrafnhildur Guðbjörnsdóttir

Yfirmarkmið: Að nemendur nái góðri færni á öllum sviðum málnotkunar í lestri, ræðu og riti og hvort heldur sem þeir eru að gefa af sér eða taka á móti, geti tjáð skoðanir, hugmyndir og tilfinningar og öðlist traust á eigin málnotkun. Íslenska er undirstaða allra annara námsgreina og allir kennarar eru jafnframt móðurmálskennarar.

Námsmarkmið: Íslenska er margþætt námsgrein en henni er hér skipt í fjóra efnisþætti sem samsvara skiptingu í aðalnámskrá grunnskóla.

Við lok 7. námsárs á nemandi að:

Talað mál og hlustun

- tjá sig skýrt og áheyrilega

- flytja laust og bundið mál upphátt, með viðeigandi áherslum og túlkun og halda athygli áheyrenda
- geta endursagt það sem hann hefur lesið eða heyrt
- segja skipulega frá
- geta gert grein fyrir skoðunum sínum og rökstutt þær
- vera fær um að taka virkan þátt í samræðum og rökræðum og fylgja viðeigandi reglum
- geta notið bókmennta- og afþreyingarefnis, upplestrar, leiksýninga og söngs
- geta flutt og sungið algeng íslensk ljóð
- kunna að hlusta og taka eftir og geta nýtt sér upplýsingar í töluðu máli
- nýta sér myndefni og margmiðlunarefni með gagnrýnum hætti til fróðleiks og skemmtunar
- hafa tekið þátt í leikrænni tjáningu og spuna

Lestur og bókmenntir
- vera orðinn vel læs og hafa öðlast góðan lesskilning og fjölbreyttan orðaforða
- gera sér grein fyrir aðalatriðum í texta
- hafa þjálfast í mismunandi lestraraðferðum
- geta lesið sér til ánægju og gert grein fyrir þeim áhrifum sem tiltekinn texti hefur á hann
- geta notið þess að hlusta á upplestur og frásagnir
- hafa lesið leikþætti og lært nokkur valin ljóð
- þekkja fáein bókmenntafræðileg hugtök til að fjalla um form og innihald ljóða, svo sem rím, ljóðstafi, hrynjandi, samlíkingu og boðskap
- þekkja nokkur frásagnarform bókmennta, svo sem smásögu, ævintýri, goðsögu og ljóð
- geta aflað upplýsinga úr bókum, margmiðlunarefni og af Netinu og unnið úr þeim

Ritun
- geta skrifað læsilega og af öryggi
- nota rétta fingrasetningu við ritvinnslu
- hafa náð valdi á helstu atriðum stafsetningar og nokkurri færni í greinarmerkjasetningu
- geta dregið út aðalatriði og endursagt efni úr ræðu og riti
- hafa öðlast öryggi við að tjá hugmyndir sínar og reynslu
- geta skipulagt og orðað texta á þann hátt sem hæfir efni, til dæmis frásagnir, lýsingar, fréttir og fyrirmæli
- hafa fengist við skapandi skrif
- kunna að ganga frá texta og geta nýtt sér stafsetningarorðabækur, leiðréttingarforrit og önnur hjálpargögn við ritun

Málfræði
- hafa ræktað með sér áhuga á móðurmálinu og vitund um eigin málkunnáttu
- átta sig á að munur er á hljóði og bókstaf og skilja hvernig orð skiptast í atkvæði
- geta nýtt sér málfræðikunnáttu sína við orðmyndun og stafsetningu

- kunna að fletta upp orðum eftir stafrófsröð og að nýta sér upplýsingar í orðabókum
- átta sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð
- þekkja helstu einkenni orðflokka og beygingarformdeildir þeirra, svo sem kyn, tölu, fall, stigbreytingu, nútíð, þátíð og nafnhátt
- gera sér nokkra grein fyrir mismunandi hlutverkum orða í texta
- hafa þjálfast í að greina merkingarmun og blæbrigði orða
- þekkja mun orðtaka og málshátta og hafa náð nokkurri leikni í að beita þeim
- skilja að málfræðiþekking nýtist í tungumálanámi

Leiðir: Mikil áhersla er lögð á lestur, lestrarfærni og lesskilning.Í lestri er lögð áhersla á fjölbreyttan texta til fróðleiks og skemmtunar. Nemendur æfa framsögn og vandaðan upplestur. Á vefjum nams.is og skolavefurinn.is verður unnið með málfræði og grundvallarreglur réttritunar samhliða vinnubókum.
Nemendur skrifa sitt eigið efni, frásagnir, lýsingar, umfjöllun um bækur og fleiri og æfa sig í skapandi ritun. Nemendur kynnast og læra nokkur ljóð og semja sín eigin og æfa upplestur ljóðanna.
Nemendur kynnast þjóðsögum, hlusta á upplestur og lesa sjálfir. Farið verður í einstök orð, orðtök og málshætti og þau útskýrð til að auka lesskilning og orðaforða. Í þessu skyni verður , einnig unnið í vefjunum nams.is og skolavefurinn.is
Nemendur taka þátt í leikrænni tjáningu texta sem þeir hafa hlustað á, lesið eða samið sjálfir.
Kennsla í íslensku er einstaklingsmiðuð, nemendur vinna á sínum forsendum, þeir áætla hluta af vinnu sinni í Skjatta. Lögð er áhersla á góða stafsetningu ásamt vönduðum frágangi.

Námsmat:
Samræmt námsmat allra kennara skólans:
Verkefni anna verða metin, símat, og gilda 50% af einkunn haust-, mið- og vorannar. Símat felst í fjórum atriðum, virkni (tekur nemandi þátt í öllu í náminu, leggur hann sig fram o.s.frv.) samvinnu (getur hann unnið í hóp og hefur hann góð áhrif á framvinndu annarra í náminu) ástundun (vinnur nemandi þau verkefni sem lögð eru fyrir og skilar þeim á réttum tíma, mætir í tíma o.s.frv.), samskipti (eru samskipti við kennara og samnemendur góð og byggð á vilja til að auka árangur sinn og samnemenda). 50% símat og 50% próf.

Nemendur taka próf í lok hverrar annar, öll próf og kannanir annarinnar gilda 50% á móti símati. Mikilvægt er að eingöngu sé prófað er úr námsefni sem búið er að vinna með.

Auk vorannareinkunnar verður í lok skólaársins gefin **lokaeinkunn** í hverju fagi fyrir sig sem er meðaltal haust-, mið- og vorannar.

Námsefni: *Málrækt 3*, vinnubók. *Stafsetning*, ritreglur og æfingar. *Skrudda* og verkefnabækur 1 og 2. *Skræða* og verkefnabækur 1 og 2 *Mál er miðill*, grunnbók og vinnubók. *Réttritunarorðabók* 1 og 2 og. *Ljóðspor, Finnbjörg,* handbækur og

bókmenntaefni af bókasafni, hljóðbækur af vef og efni af námsvefjum nams.is og Skólavefnum.

Stærðfræði

Kennslustundir: 5 Kennarar: Jóhanna Ása Einarsdóttir og Hrafnhildur Guðbjörnsdóttir.

Yfirmarkmið: Að nemendur þjálfist í notkun stærðfræðinnar í daglegu lífi og stærðfræðin auki og víkki skilning nemenda á umhverfi sínu. Að stærðfræðin verði samofin hinu daglega lífi og daglegum viðfangsefnum. Nemendur verði hæfir til að lesa í umhverfi sitt, meta stærðfræðileg viðfangsefni í ljósi þekkingar og reynslu og geti unnið sjálfstætt. Auk þess verði nemendur með góða grunnþekkingu á helstu sviðum stærðfræðinnar og hæfir til að takast á við frekara nám í stærðfræði.

Námsmarkmið: Stærðfræðin er brotin niður í tíu efnisþætti (skv. skiptingu í Aðalnámskrá) og eru námsmarkmiðin flokkuð skv. því.

Stærðfræði og tungumál.

Markmið er að nemendur:

- vinni með algengar rómverskar tölur, s.s. í blaðsíðutölum og ártölum
- beri saman breytingar á stærðum, t.d. fólksfjölda á mismunandi stöðum og meti mismun á hlutfallslegri breytingu
- þjálfist í notkun sviga, t.d. með því að búa til dæmi um talnastæður með svigum á ólíkum stöðum
- finni ferningsrót af lágum ferningstölum

Lausnir verkefna og þrauta. Markmið er að nemendur:

- temji sér að spyrja spurninga um verkefni í því skyni að öðlast betri skilning á því
- glími við flókin viðfangsefni með því að nota hugmyndaflugið og horfa út fyrir rammann
- leita að mynstri eða reglu
- giska á lausnir og prófa þær
- geti sett upp dæmi og túlkað niðurstöður
- reyna við einfaldara skylt verkefni
- brjóta þau niður í smærri þætti
- glími í samvinnu við aðra við verkefni sem gera kröfur til frumkvæðis og hugkvæmni
- vinna sig til baka

Röksamhengi og röksemdafærslur. Markmið er að nemendur:

- vinni með samtenginguna "eða" í merkingunni "og/eða" við val úr gagnasafni
- flokki hugtök, s.s. ferhyrninga, rétthyrninga, samsíðunga, tígla og ferninga, í yfir- og undirflokka

Tengsl við daglegt líf og önnur svið. Markmið er að nemendur:

- setji stærðfræðileg hugtök í samband við hversdagslega hluti, t.d. túlki dæmið 2/0,5 þannig að spurt sé hve margar hálfs lítra fernur þurfi til að fá tvo lítra af rjóma
- venjist því að áætla í staðaleiningum, s.s. metrum, grömmum og lítrum
- vinni með algengustu einingar metrakerfisins og reikni milli tímaeininga af öryggi
- reikni út tímamun milli ólíkra heimshluta

Tölur. Markmið er að nemendur:

- beri saman almenn brot og tugabrot

- raði almennum brotum eftir stærð, sér í lagi einingarbrotum
- vinni með afgang (leif) við deilingu
- finni stærsta samdeili sem styttingartölu og ræði hvers vegna brot með sumum nefnurum styttast en ekki með öðrum
- vinni með neikvæðar tölur

Reikniaðgerðir, reiknikunnátta og mat. Markmið er að nemendur:
- margfaldi fjögurra stafa tölu með allt að tveimur aukastöfum með eins stafs tölu
- deili með eins stafs tölu í fjögurra stafa tölu með allt að tveimur aukastöfum
- reikni með einföldum neikvæðum tölum í eðlilegu samhengi, t.d. hitastigsbreytingar og fjarlægð yfir og undir sjávarmáli
- margfaldi og deili í fjögurra stafa tölur með tveggja stafa tölum í reiknivél og áætli svarið með námundun
- kynnist forgangsröð aðgerða

Hlutföll og prósentur. Markmið er að nemendur:

- breyti mataruppskrift t.d. fyrir 6 í uppskrift fyrir 20
- reikni brot og prósentur af heilum stærðum, t.d. afslátt eða vexti, og grípi til vasareiknis ef þörf er á
- finni hluta af heilum tölum, t.d. 2/5 hluta af 20
- teikni uppdrátt í réttum hlutföllum, t.d. 1:10 eða 1:100

Mynstur og algebra. Markmið er að nemendur:
- haldi áfram með og lýsi fremur flóknum reglum til að velja tölur, t.d. rununa 1, 1, 2, 3, 5, 8, 13 ...
- noti dreifireglu til að margfalda tveggja stafa tölur með eins stafs tölu í huganum
- setji upp einföld föll og teikni gröf þeirra
- dragi saman almenna reglu út frá athugunum á röð af dæmum

Rúmfræði. Markmið er að nemendur:
- reikni ummál og flatarmál flatarmynda; kunni og geti notað reglur um flatarmál rétthyrninga, þríhyrninga og ferninga; hafi unnið athugunarverkefni um ummál og flatarmál hrings
- reikni rúmmál teninga, réttstrendinga og þrístrendinga og telji út yfirborð
- kynnist tengslum milli rúmmáls mælds í cm3 og millilítrum og dm3 og lítrum í athugunarverkefnum
- teikni þríhyrninga með gefnum stærðum
- mæli og teikni horn að næstu heilli gráðu

Tölfræði og líkindafræði. Markmið er að nemendur:
- átti sig á hvaða aðrir þættir geta haft áhrif á líkur á viðburðum
- kynnist því að endurtekin tilraun getur gefið ólíkar útkomur

Leiðir: Einstaklings- og hópvinna**.** Nemendur nota ákv. grunnefni og ítarefni eftir þörfum. Einnig verður unnið með dagleg viðfangsefni t.d. úr veftímaritum.
Námsmat: Ástundun, vinnubækur og verkefni (50% vægi) metin til einkunnar ásamt lokaprófum (50% vægi).
Námsefni: Geisli 3(grunnbók), vinnuhefti Geisli 3A og 3B., Ýmis ljósrit frá kennara o.fl. Vefirnir: nams.is, skolavefurinn.is og rasmus.is.

Samfélagsfræði(Ísl.saga, mannkynssaga, (sam)félagsfræði, landafræði, trúfræði og kristin fræði)

Kennslustundir: 4 Kennari: Victor Örn Victorsson

Yfirmarkmið: Samfélagsgreinarnar fjalla um stöðu, hlutverk og möguleika mannsins í samfélagi og náttúru, í tíma og rúmi, um einingar samfélags og umhverfis frá hinu minnsta til hins stærsta. Markmið samfélagsgreina er að gera nemandann læsan á umhverfi, samfélag og menningu, auðvelda honum að fóta sig og beita sér í mannlegu félagi og að temja honum gildi sem þar ríkir samkomulag um.
Námsmarkmið: Í samfélagsfræði í 7. bekk eru viðfangsefnin Íslandssaga 870-1550 og landafræði.

Landafræði:

Stefnt er að því að nemendur:

- átti sig á hvers vegna ógerningur er að sýna yfirborð jarðar rétt á flötu korti
- þekkji helstu gerðir kortavarpana, þ.e. flatar-, keilu- og hólkvörpun, og skilja
- átti sig á hvaða atriði stýra því hvaða kortvörpun hentar hverju sinni
- læri að nota bauganet jarðar við nákvæma staðsetningu og hvernig tímakerfi
- okkar byggist á lengdarbaugunum
- fái yfirsýn yfir hvað litir, letur og tákn merkja á landakortum
- kunni að reikna fjarlægðir út frá mælikvarða korts eða loftmyndar
- þekkji muninn á korti í stórum og litlum mælikvarða
- þjálfist í framsetningu landfræðilegra gagna, t.d. hvernig upplýsingar um
- átti sig á hitafari og úrkomu tiltekins staðar í eitt ár má setja fram á loftslagsriti eða úrkomuriti
- átti sig á hvernig aldurs- og kynskipting fólksfjölda birtist í aldurspíramída
- kynnist gervihnattamyndum af yfirborði jarðar, hvernig þær verða til og til hvers megi nota þær
- læri um möguleika nútímaupplýsingatækni til öflunar og framsetningar landfræðilegra upplýsinga
- þekkji helstu orku- og náttúruauðlindir jarðar og hvernig þær eru nýttar
- geti lýst megineinkennum og útbreiðslu fjögurra helstu loftslagsbelta jarðar og hvernig þau tengjast breiddargráðum og dreifingu lands og sjávar um jörðina, megindráttum landslags og ríkjandi vindum
- þekkji þau útrænu og innrænu öfl sem mikilvirkust eru við að mynda og móta yfirborð jarðar

- þekki á heimskorti nöfn og legu heimsálfanna, úthafanna, stærstu fjallgarða og mestu fljóta jarðar auk legu miðbaugs, heimskautabauga, póla, daglínu og núlllengdarbaugsins
- kynnist helstu litum, letri og táknum á landakortum
- skilji í grófum dráttum hvernig mismunandi bergtegundir hafa orðið til
- fjalli um hvernig jarðskorpan skiptist í fleka og átti sig á að landrek er orsök jarðskjálfta og eldgosa
- læri hvernig veðrun og rof verður af völdum vinda, vatns og jökla
- skilji hvernig vindar verða til og hvers vegna þeir blása í ólíkar áttir á ólíkum stöðum á jörðinni

- þekki stærstu hafstrauma jarðar og áhrif þeirra á mannlíf á jörðinni
- viti hvað átt er við með hugtökunum mengun, ósonlag og gróðurhúsaáhrif
- læri um ýmsar orkulindir sem við nýtum og áhrif ofnýtingar

Íslandssaga

Að nemandi átti sig á

- mikilvægi sögulegrar þekkingar
- tengslum nútíðar og fortíðar
- tengslum Íslandssögu við mannkynssögu
- því ða sögunám getur aukið skilning á eigin umhverfi og manni sjálfum
- að sagnfræði byggist á vísindalegum vinnubrögðum
- sagan skiptist í tímabil
- ástæðum og einkennum víkingaferða
- að Ísland var numið á víkingaöld þegar norrænir menn sigldu um Evrópu
- hvaðan landnámsmennirnir komu og af hverju þeir yfirgáfu heimkynni sín
- því hvernig landnámsmennirnir komust yfir hafið til Íslands
- því hvernig landnámsmennirnir komu sér fyrir á Íslandi
- lifnaðarháttum landnámsmannanna
- að íslenskt samfélag varð til með stofnun Alþingis
- að stjórnkerfið samanstoð af löggjafar- og dómsvaldi
- því hvaða refsingum var beitt
- því að hreppar komu til sögunnar sem minnsta stjórnsýslueiningin
- þeirri stéttarskiptingu sem ríkti í landinu frá upphafi
- hverjir fóru með völdin í landinu
- tengslum Íslands við umheiminn á þjóðveldisöld
- mikilvægi verslunar við önnur lönd
- mikilvægi siglinga til og frá landinu
- að menn sigldu frá Íslandi vestur á bóginn til Grænlands og Ameríku
- að menn sigldu frá Íslandi og hófu landnám á Grænlandi
- að Ísland var á norsku áhrifasvæði og Noregur var hlið Íslands að Evrópu
- að Ísland tapaði skipastól sínum og varð því að treysta á siglingar útlendinga
- trúarhugmyndum heiðinna manna á Norðurlöndum
- siðahugmyndum heiðinna manna á Norðurlöndum
- að kristin trú náði yfirhöndinni í Evrópu
- því hvernig kristintakan fór fram á Íslandi
- því að ýmsar ástæður má nefna fyrir trúarskiptunum
- því hvernig kristið samfélag byggðist upp á Íslandi
- þeirri valdabaráttu sem átti sér stað á 13. öld
- að landið skiptist að mestu í héraðsríki fimm valdaætta
- að Noregskonungur hugðist leggja undir sig landið
- að margir íslenskir höfðingjar gerður hirðmenn konungs
- að konungur reyndi að fá hirðmenn sína til að koma landinu undir sig

- að bændur samþykktu á Alþingi að ganga Noregskonungi á hönd
- að Íslendingar og konugur gerðu með sér samning um réttingi og skyldur
- að ritlist og markvísleg menning barst hingað frá Evrópu með kristinni
- að Íslendingar skrifuðu merkar bókmenntir þar sem innlend frásagnarhefð og evrópsk bókmenntahefð blönduðust saman
- Íslendingasögurnar þykja mikilvægt framlag til heimsbókmenntanna
- Ísland var hluti af víðfemu Norður-Atlantshafsveldi Noregs
- Framkvæmdarvald var innleitt á Íslandi
- Noregsveldi hrundi á 14. öld og varð hluti af Danaveldi
- Ísland tilheyrði Danakonungi frá 1380
- Kirkjan gerði kröfu til að verða sjálfstæð stofnun
- Noregskonungur og erkibiskup börðust fyrir sjálfstæðri kirkju á Íslandi
- kirkjan varð sjálfstæð á seinni hluta 13. aldar
- kirkjan varð valdamesta og ríkasta stofnun landsins
- Sjávarfang verður sífellt eftirsóttara í Evrópu og verður mikilvæg útflutningsvara okkar
- Englendingar og þjóðverjar tóku að sigla til Íslands til veiða og verslunar
- Danakonungur óttaðist að missa Ísland úr höndum sér og reyndi að bægja útlendingum frá landinu
- Danakonungur náði að styrkja stöðu sína hérlendirs undir lok miðalda

Leiðir: Nemendur lesa ákv. texta í kennslubókum heima, en í kennslustundum verður rætt um efnið og unnin verkefni í framhaldi af því. Lögð verður áhersla á að þjálfa nemendur í glósugerð. Í landafræði æfa nemendur sig í notkun kortabóka og annarra uppflettirita til upplýsingaöflunar.

Námsmat: Ástundun,, kaflapróf og verkefni (80% vægi) metin til einkunnar ásamt lokaprófum (20% vægi).

Grunnefni: Landafræði handa unglingum 1. hefti, Sögueyjan 1. hefti og annað efni frá kennara

Náttúrufræði

Kennslutími: 160 mínútur Kennari: Jóhanna Ása Einarsdóttir

Yfirmarkmið: Fræðasvið náttúruvísinda er víðfermt og það spannar undur náttúrunnar í ótal myndum. Náttúrufræðikennslu í grunnskóla er ætlað að auka skilning nemenda á umhverfi sínu og stuðla að því að þeir umgangist það af ábyrgð og virðingu í anda sjálfbærrar þróunar. Hafa ber í huga að Íslendingar eru hluti af samfélagi þjóða og að slæm umgengni við náttúruna varðar alla jarðarbúa. Rækta ber hæfileika nemenda til að njóta margbreytileika náttúrunnar og skilning á brýnni þörf á umhverfisvernd. Nemendum er jafnframt kennt að meta eigin líkama og að læra að þekkja hann.

Námsmarkmið: Stefnt er að því að nemendur…

- skilji að útlitseinkenni og allir aðrir eiginleikar erfast frá foreldrum

- þekki líffærakerfi mannslíkamans, gerð og starfsemi, samspil, samsetningu
- fjalli um hvernig hann geti best stuðlað að eigin heilbrigði út frá ýmsum þáttum, s.s. gildi þjálfunar og hreyfingar, gildi þess að borða holla fæðu, athugunum á eigin mataræði og heilsufari
- geri athuganir á eigin líkama, s.s. mæli púls, öndun, skynjun húðar, viðbragð heyrnar og athugi skynvillur
- þekki varnir líkamans, þ.m.t. myndun ónæmis gegn sjúkdómsvöldum
- ræði áhrif nýrrar tækni á lækningar, t.d. hjartasjúkdóma
- þekki að andrúmsloftið er samsett úr nokkrum efnum
- geri athuganir sem sýna að hitaþensla efna er mismunandi
- þekki hvað átt er við með hugtökunum felling og mettun
- fjalli um hvernig menn hafa nýtt sér þekkingu sína á áhrifum hita á efni í daglegu lífi
- skilji tengslin á milli hitaþenslu efna og hreyfingar frumeinda og sameinda
- þekki hvaða kraftar halda lofthjúpnum við jörðina
- geri sér grein fyrir áhrifum hafsins á mótun umhverfis, lífríki á jörðinni, neðansjávarlandslag
- þekki orsakir jarðvegseyðingar og úrræði
- fjalli um áhrif ákveðinna hafstrauma á, íslenskt veðurfar, veðurfar á jörðinni, lífsskilyrði

Leiðir: Nemendur gera athuganir og tilraunir og vinna í hópum að lausnum á viðfangsefnum og læra jafnframt vísindaleg vinnubrögð. Nemendur vinna verkefni um líkamann og lesa sér til um hann í kennslubókum og á netinu.. Kennsla verður í formi stuttra fyrirlestra, umræðna, tilrauna og verkefnavinnu.
Námsmat: Ástundun 30%, vinnubækur 20% og próf á önnum og í lok anna 50%.
Kennsluefni: Grunnefni: Líkami mannsins og Auðvitað 3. Ítarefni: Ljósrit frá kennara og námsvefir.

Upplýsingatækni

Upplýsingatækni

Kennslustundir: 2 Kennari: Steinar Ingi Gunnarsson.

Yfirmarkmið: Nemendur skula hafa lokið grunnment í tölvuvinnslu og úrvinnslu heimilda og verkefna á stafrænu formi. Tölvuvinnsla skal verða verða eðlilegur hluti í lífi nemenda og öll vandræði skulu vera auðleysanleg að hálfu nemendanna. Sjálfstæð vinnubrögð og geta til að afla sér þekkinga á sínu sviði skulu verða hluti af grunnþekkingu barnanna og munu þau auðlast þá hæfni til að geta unnið sjálfstætt sem og í hópum í framtíðinni.
Námsmarkmið: Office pakkinn svokallaði verður aðal námsefni barnanna en þar verður helst farið í Microsoft Word, Microsoft Excel og Microsoft PowerPoint. Einnig verður farið aðeins inn í myndvinnslu á hreyfiformi en þar verður Windows Movie Maker það forrit sem krakkarnir vinna mest á.

Almenn tölvunotkun.
Markmið er að nemendur:

- Læri að búa til og notfæra sér möppur og annað skipulag á tölvutæku formi.
- Öðlist rétta fingrasetningu á lyklaborði og vinnustellingum.
- Geti stuðst við stafrænar upplýsingar og notast við úrvinnslu þeirra.
- Nái að vinna sjálfstætt og markvisst að öflun og úrvinnslu upplýsinga á stafrænu formi og miðla upplýsingum þeirra til annara á saman/svipaðan máta.

Microsoft Word. Ritvinnsla.
Markmið er að nemendur:
- Öðlist rétt vinnubrögð við notkun ritvinnsluforrita.
- Læri grunnvinnubrögð forritsins og hæfni þess til ritvinnslu og annara verkefna.
- Geti skeytt saman mynd og texta
- Auki getu sína á lyklaborðinu og öðlist svokallaða „*blindskrift*“.
- Geti unnið sjálfstætt að ritvinnsu til eigin hagsmuna.

Microsoft Excel. Töfluuppsetningar og bókhaldsvinna.
Markmið er að nemendur:
- Læri uppsetningu taflna og annara forma á tölvutæku formi.
- Öðlist getu á einföldum tölvureikningum og uppsetningu stærðfræðidæma á tölvutæku formi.
- Læri auðvelt bókhalt og skipulag þess.
- Geti lesið úr og sett upp myndræn stærðfræðiform svosem kökurit, súlurit o.s.frv.

Microsoft PowerPoint. Glærugerð og fyrirlestrar.
Markmið er að nemendur:
- Öðlist þekkingu á glærugerð og uppsetningu þess.
- Geti unnið út frá utan að komandi upplýsingum og skilað þeim á glæruformi.
- Geti komið á framfæri með sína kynningu bæði sem einstaklingur og í hópum.
- Læri á heimildavinnu og úrvinnslu þeirra.
- Öðlist skilning á siðferðislegri framkomu bæði í framkomu sem og stafrænu formi.

Windows Movie Maker. Myndvinnsla, hljóð og uppsetning.
Markmið er að nemendur:
- Geti skilað frá sér myndrænu verkefni á formi myndbands.
- Skilji úrvinnslu mynds og hljóðs.
- Öðlist nýjan skilning á myndbandagerð og vinnu á bak við hana.
- Vinni sjálfstætt sem og í hóp.
- Hafi gaman!

Námsmat: Ástundun, framkoma og verkefni (50%) metin til einkunnar ásamt könnunum eftir hvern þátt. (50% vægi).
Námsefni: Stuttverður við eitt hefti sem kallast „Verkefni í forritinu Word fyrir krakka.“ eftir Margréti Sigurgeirsdóttir en önnur námsgögn eru úrprentuð verkefni frá kennara og upplýsingar af netinu.

Heimilisfræði

Kennslustundir: 1 Kennarar: Hrafnhildur Guðbjörnsd. og Jóhanna Ása Einarsd.

Yfirmarkmið: Heimilisfræði fjallar um manninn, líf hans og lífsskilyrði, líkamlegar og andlegar þarfir. Greininni er ætlað að stuðla að góðu heilsufari, hagsýni og verndun umhverfis. Stefnt er að því að auðvelda nemendum að takast á við daglegt líf og gera þá meðvitaða neytendur.

Námsmarkmið: Markmið fyrir heimilisfræði í 7.-8. bekk eru sameiginleg. Gert er ráð fyrir að nemandi…

- hafa fengið þjálfun í að virða jafnrétti, ólík sjónarmið og mismunandi siði og venjur
- temja sér að taka þátt í ánægjulegum samskiptum við borðhald
- bragða með jákvæðu hugarfari á öllum fæðutegundum sem notaðar eru
- fá æfingu í að skipuleggja með öðrum smáveislur og að vera öðrum til samlætis
- vita hvað eru góðar lífsvenjur (næring, hreyfing, hvíld, svefn)
- geta sýnt samábyrgð í verki
- geta sett sig í spor annarra og tekið þátt í samvinnu á heimilinu
- geta virt jafnrétti og ólík sjónarmið, mismunandi siði og venjur
- þekkja helstu orsakir slysa og vita hvernig koma má í veg fyrir þau á heimilum og í umhverfinu

Leiðir: Nemandi vinnur að viðfangsefnum í hverjum tíma sem þjálfa þau námsmarkmið sem stefnt er að.

Námsmat: Í heimilisfræði fer fram símat og er frammistaða nemanda metin hverju sinni ásamt ástundun, kurteisi og framkomu.

Grunnefni: Gott og gagnlegt, ljósrit frá kennara og efni úr ýmsum áttum.

Lífsleikni

Kennslustundir: 1 Kennarar: Jóhanna Ása Einarsdóttir og Hrafnhildur Guðbjörnsdóttir

Yfirmarkmið: Í lífsleikni er miðað að aukinni sjálfsþekkingu, þroska og mannrækt. Einnig er stefnt að því að gera nemendur meðvitaða um réttindi sín, þjóðfélagsstöðu, ábyrgð, skyldur og hlutverk. Einnig að kynna þeim fjölskyldumál, þjóðmál og umhverfis-mál, gera þá hæfa til að tjá skoðanir og færa rök fyrir máli sínu og sjá málefni frá mörgum hliðum.

Námsmarkmið: Námsmarkmið eru sett skv. skiptingu í Aðalnámskrá grunnskóla.

Sjálfsþekking, samskipti, sköpun og lífsstíll. Stefnt er að því að nemandi:

- gera sér grein fyrir hvernig tilfinningar hafa áhrif á hegðun og samskipti
- gera sér grein fyrir áhrifum fyrirmynda í mótun lífsstíls
- öðlast styrk í að segja frá og bregðast rétt við misbeitingu og neikvæðu áreiti í samskiptum
- átta sig á líkamlegum, andlegum, tilfinningalegum og félagslegum breytingum sem verða í lífi einstaklings við það að breytast úr barni í ungling
- vera meðvitaður um gildi mannréttinda og jafnréttis
- hafa lært að nýta sér fjölbreytilegar aðferðir í samskiptum til að geta sýnt sanngirni
- hafa lært að nýta sér fjölbreytilegar aðferðir í samskiptum til að geta sýnt réttlæti og kurteisi
- neikvæðan þrýsting frá jafningjum og gagnvart áróðri umhverfisins
- hafa lært að setja sér markmið við úrlausn viðfangsefna jafnt innan skóla sem utan

- gera sér grein fyrir mikilvægi jákvæðrar hegðunar og samskipta

Samfélag, umhverfi, náttúra og menning. Stefnt er að því að nemandi:
- átti sig á mikilvægi náttúruverndar.
- viti af hættum samfara neyslu tóbaks- og áfengis.
- geti greint jákvæðan áróður frá neikvæðum í auglýsingum og umhverfi.
- viti hvert á að leita þegar hætta steðjar að og hvernig á að bregðast við hættuástandi.

Leiðir: Nemendur fá verkefni til að leysa, einnig lesefni um hin ýmsu málefni. Stór þáttur í náminu eru umræður og skoðanaskipti. Einnig verður farið í ýmsa leiki til að hjálpa nemendum að skilja málefnin betur sem tekin verða fyrir hverju sinni.
Námsmat: Byggt á þátttöku í umræðum, verkefnaskilum o.fl.
Námsefni: Ýmislegt frá kennara og ýmsir vefir

Íþróttir og sund

Íþróttir og sund

Kennari Kolbeinn Skagfjörð Jósteinsson.
Tímafjöldi er 3 kennslustundir á viku, samkennsla með 8. bekk.

Yfirmarkmið

Reynt verður að bjóða nemendum upp á sem fjölbreyttasta þjálfun, miðað við þá aðstöðu sem fyrirfinnst, sem nær til alhliða líkams- og heilsuræktar, almenningsíþrótta og íþróttagreina. Við kennslu íþróttagreina skal áfram leggja áherslu á leikræna nálgun undirstöðuatriða.

Yfirmarkmið í sundkennslu

Í 7.-10. bekk er áhersla á þátt upplifunar í allri sundkennslu. Slík nálgun hefur það að markmiði að koma í veg fyrir brottfall og slaka ástundun sem oft einkennir þetta tímabil. Á unglingastigi skal einnig auka vægi sundþjálfunar þar sem efling þrekþátta í tengslum við sundiðkun er höfð að leiðarljósi.

Markmið:

Í skólaíþróttum er stefnt að því að nemendur þjálfist í samsettum hreyfingum og flóknum hreyfingum með tónlist sem viðhalda og bæta samhæfingu. Nemendur taka þátt í æfingum og leikjum sem veita útrás fyrir hreyfiþörf og efla færni í íþróttagreinum. Þeir þjálfast í æfingum og leikjum sem efla líkamsþol, hraða, kraft, viðbragð, hjarta- og blóðrásarkerfið. Í sundi viðhalda nemendur sundfærni sinni með tilliti til breyttrar líkamsbyggingar. Þeir þjálfast enn frekar í fjölbreyttum samsettum hreyfingum arma og fóta með mismunandi útfærslu. Íþróttir eru vel til þess fallnar að efla félags-, tilfinninga- og siðgæðisþroska nemenda. Leikir og samvinnuverkefni gera þær kröfur til nemenda að þeir temji sér aga og tillitssemi. Þeir læra einnig að vinna með öðrum og hvetja félaga sína til dáða. Þá verða mörg verkefni eða leikir ekki leystir af hendi nema með sameiginlegu og samstilltu átaki.

Mikilvægt er að tengja fræðilega innlögn um íþróttir –líkams- og heilsurækt við útfærslu verklegra æfinga og leikja. Íþróttakennslan er vel til þess fallin að efla þessa samþættingu. Þessi aðferðafræði hefur einnig þann kost að hún vekur nemendur oft til umhugsunar um gildi íþrótta og vekur áhuga á reglubundinni heilsurækt og íþróttaiðkun.

o þjálfist í að skipuleggja og stjórna hluta úr kennslustund með því að
o sjá um upphitun
o stjórna leik
o sjá um teygju- eða slökunaræfingar í niðurlagi kennslustundar
o taki þátt í hópverkefnum sem innihalda samvinnu af ýmsum toga

Leiðir:
Til að ná þessum markmiðum verður farið í leiki og gerðar æfingar. M.a. verður farið í boltagreinar (fótbolta, körfubolta, blak), fimleika, bandý, hringþjálfun, frjálsar og leiki eins og eltingaleiki, boðhlaup, einfalda ratleiki o.fl. Í sundi eru gerðar ýmsar æfingar til að ná þeim markmiðum sem ætlast er til að nemendur í 7. bekk ljúki.

Námsmat:
Skólaeinkunn í lok 7. bekkjar er meðaltal einkunna frá haust-, mið- og vorönn. Einkunn fyrir haustönn er skiptist í fernt: 15% tímaseðlaverkefni, 15% könnun úr efni sem fer fram í bóklegum tímum, 20% fyrir sund og 50% fer eftir ástundun, hegðun og frammistöðu í tímum. Á miðönn skiptist einkunnin í tvennt: líkamsástandpróf 50%, þol (20%, liðleika (10%) og styrktarpróf (20%) og 50% fer eftir ástundun, hegðun og frammistöðu í tímum. Vorönn skiptist í tvennt: 50% sundpróf og 50% fer eftir ástundun, hegðun og frammistöðu í tímum.
Í lok skólaárs er ætlast til þess að nemendur í 7. bekk geti: a) 300 metra þolsund frjálst synt á minna en 10 mín b) 50 metra skólabaksund Stíll c) 15 metra björgunarsund með jafningja (skólabaksundfótatök) d) 8 metra kafsund stílsund e) Val nemenda 50 metra bringusund á tíma 1 mín og 20 sek eða synda 25 metra skiðsund á lágmarkstíma 35 sekf) Tímataka í 25 metra skriðsundi lágmarks tími hjá strákum og stelpum er 30 sek g) 3 leysitök h) Ein lífgunaraðferð (blástursaðferð)

Tjáning

Kennslustundir: 1 Kennarar: Hrafnhildur Guðbjörnsdóttir og Jóhanna Ása Einarsdóttir

Námsmarkmið: Að nemendur
- verði færari um að flytja mál sitt fyrir aðra
- þjálfist í að vinna saman
- þjálfist í umræðum, upplestri og leikrænni túlkun
- venjist því að standa upp og tjá sig í hópi fólks

Leiðir: Nemendur fá ýmsar æfingar í því að lesa upp, flytja stuttar ræður, setja sig í spor annarra, fjalla um margvísleg málefni, spinna leikverk, túlka texta, tjá sig orðalaust, fara í ýmsa leiki til að æfa samvinnu og fleira. Tekið verður þátt í Stóru Upplestrarkeppninni.
Námsmat: Símat, gefið fyrir þátttöku í kennslustundum, ástundun og vinnusemi.
Námsefni: Frá kennara, af bókasafni og úr ýmsum öðrum áttum.
Heimanám: Ekkert, nema þegar verið er að undirbúa sýningar eða önnur atriði til flutnings.

Listir

Kennslustundir: 2 Kennari: Dagrún Magnúsdóttir

Þrjár námsgreinar, hannyrðir, myndmennt og hönnun og smíði eru samþætt í eitt fag.
Leitast verður við að samþætta verkefni á milli greina þannig að tími og efni nýtist betur

og að verkefni gangi út á fleiri verkþætti og nemendur komist yfir fjölbreyttari verkefni heldur en þegar greinarnar eru aðskildar. Þrátt fyrir það eru sömu markmið í fögunum samþættum og þau voru í sitt hvoru lagi. Verkefni í listum verða oft unnin í þemum yfir ákveðinn tíma, þannig að nemendur vinna t.d. eingöngu í smíðum í mánuð og fara í textílverkefni þann næsta. Leitast er við að nemendur læri hagnýt og öguð vinnubrögð, jafnframt því að skapandi þátturinn sé sem stærstur í allri vinnu. Í samræmi við stefnu skólans í umhverfismálum verður rík áhersla á hverskonar endurnýtingu og endurvinnslu efna auk þess að notast við umhverfisvæn efni eftir því sem við verður komið.
Námsmat fer að hluta fram sem símat og sjálfsmat.

Hannyrðir.

Yfirmarkmið: Handverk var áður órjúfanlegur hluti lífsbaráttunnar en er nú vaxandi atvinnuvegur og hluti þeirra ímyndar sem einkennir íslenska menningu. Íslenskur útsaumur, prjón og vefnaður er meðal gersema íslenskrar listasögu, arfleifð sem þjóðin þarf að þekkja og meta sem veganesti til framtíðar.
Námsmarkmið: Þroska og þjálfa hugi og hendur barna, vekja þau til vitundar um getu sína og hæfni, sem verður þeim síðan eðlileg hvatning til frumkvæðis og sjálfstæðrar sköpunar í öllu námi. Nemandi hafi tileinkað sér þekkingu á grundvallarlögmálum hannyrða, efniviði og miðlum og færni í undirstöðuaðferðum fagsins, tileigin sköpunar og skilning á handverki. Lögð áhersla á að kynna nemendum helstu áhöld sem notuð er við handavinnukennslu og að þau tileinki sér vönduð vinnubrögð og góðan frágang.
Leiðir: Að nemendur:
- fái tækifæri til að vinna með ýmis konar efni.
- þjálfist í að sníða.
- þjálfist í að taka mál.
- saumi einfaldar flíkur og skreyta á persónulegan hátt.
- læri að nota silkiþrykk sem skreytilist
- læri aðferðir við að endurvinna gömul föt, hekla tuskumottur.
- læri sögu batikaðferðar og litablöndun með batikaðferð við gerð myndar/púða
- læri 2 – 3 aðferðir útsaums og nota það í lítinn nytjahlut s.s. gleraugnahulstur, buddu eða nálapúða

Þemaverkefni Ull
Kemba, spinna, jurtalitun, vefa í vefstól, myndvefnaður.
Námsmat: Námsmat er byggt á áhuga, vinnubrögðum, framförum og sköpunargleði.

Myndmennt

Yfirmarkmið: Stuðlað skal að því að nemendur verði læsir á umhverfi sitt og myndmál í daglegu lífi. Þeim verði gert kleift að fást við mismunandi efni og tækni með viðeigandi vinnubrögðum. Efla skal frumleika og fegurðarskyn svo nemendur nái að þróa eigið gildismat. Nemendur fái fjölþætt yfirlit yfir listmenningu að fornu og nýju, innlenda og erlenda svo að þeir öðlist þekkingu og skilning á listastarfi þjóðarinnar í alþjóðlegu samhengi. Nemendum skulu kynnt lögmál og aðferðir myndlistarinnar til þess að þeir geti á agaðan hátt með stigvaxandi sjálfstæði unnið að gerð eigin myndverka.

Námsmarkmið:

- Nemandi geti unnið eftir skipulögðu vinnuferli sem hefur upphaf og endi.
- Nemandi á að geta nýtt sér í eigin sköpun einfalda útfærslu línuteikninga, áferðar, myndbyggingar, lita og formfræði. Má þar nefna, fjölbreytileika línunnar, fjölbreytilega áferð og skala, nálægð og fjarlægð, forgrunn og bakgrunn, grunnformin

tvívíð og þrívíð og fleira.
- Nemendur læri um sögulegt og félagslegt gildi myndlistar og kynnist myndlist frá ýmsum tímabilum sögunnar.
Meðal verkefna:
- Vatnslitun, útikennsla
- Þrívíddarteikning
- Andlitsmynd, notkun pastellita
- Notkun Photoshopsforritsins við myndgerð
- Leirmótun, nytjahlutur.

Leiðir: Unnið skal út frá forsemdum nemandans, þroska hans áhuga og þörfum þannig að hann læri að nýta sér myndlistarnámið til að skilgreina og uppfylla eigin þarfir. Nemendur nota fjölbreyttar aðferði og margs konar efni og liti til að gera myndverk.
Námsmat: Námsmat er byggt á áhuga, vinnubrögðum, framförum og sköpunargleði.

Hönnun og smíði

Yfirmarkmið: Nauðsynlegt er að kenna börnum hönnun og smíði í grunnskóla í samræmi við kröfur og áherslur í verkmenntun og skapandi starfi. Smíðin þroskar verkfærni og verkkunnáttu og gerir nemandann sjálfstæðan í verki. Þannig er smíðin góður undirbúningur undir lífið og frekara nám.
Í hönnun og smíði fær nemandinn þjálfun í að móta eigin hugmyndir í efnivið með þeirri verktækni og verkþekkingu sem greinin býr yfir. Nemandinn þjálfist í að nýta sér margs konar aðferðir við söfnun, skoðun og greiningu og úrvinnslu hugmynda. Nemandinn öðlist þekkingu og færni í notkun, meðferð og möguleikum ólíkra tækja, verkfæra og efna. Nemendur tileinki sér ábyrga umgengni og öryggisreglur við verklega vinnu og temji sér einnig rétta líkamsbeitingu og hollustu við vinnu. Nemandi efli frumkvæði sitt, áræðni og framtak í verklegri framkvæmd, þroski með sér innra mat á notagildi hlutanna og fegurð þeirra. Nemendur temji sér vönduð vinnubrögð og að ganga frá hlutum, efnum og áhöldum sem unnið hefur verið með.
Námsmarkmið: Markmið er að nemandi….
- geti unnið eftir hönnunarferli með áherslu á tæknilega útfærslu og virkni hlutarins.
- geti unnið eftir ferlinu sem felst í því að hanna og smíða nytjahluti.
- geti notað tálgun við gerð nytjahlutar (heklunál)
- læri einfaldan útskurð sem skreytilist.
- kynnist smíði úr eir og messing, hönnun á smáhlut.
- læri einfalda drifsmíði úr eir eða messing.

Leiðir: Nemendur smíða hluti úr ýmis konar efnum..
Námsmat: Matið er byggt á hugmyndaauðgi og hönnun, umgengni og hegðun, verkfærni og vandvirkni, iðni og afköstum.

Enska.

Kennari: Hildur Guðjónsdóttir
Tímafjöldi: þrjár kennskustundir á viku, samkennsla með 8. bekk.
Námsmarkmið 7. bekkjar í ensku er skipt í sex þætti: hlustun, lestur, talað mál - samskipti, talað mál – framsögn, ritun og málfræði.
Markmið:
að nemendur:
- geti hlustað eftir aðalatriðum

- geti skilið léttan texta
- þjálfist í að vinna markvisst með orðaforða
- geti skilið létt samtöl og tekið þátt í þeim
- læri að glósa texta
- þjálfist í að skrifa stuttan texta
- geti lesið einfaldar smásögur og stuttar skáldsögur
- geti leitað að upplýsingum í texta
- geti tekið þátt í samskiptum innan kennslustofunnar og geti á skýran og skipulegan hátt frá viðfangsefnum
- geti sagt frá sjálfum sér, áhugamálum sínum og völdum atriðum úr umhverfinu
- kunni að beita nútíð algengra sagna, almennum fornöfnum, nafnorðum, lýsingarorðum og greini.
- geti skrifað skipulega, skiljanlega og viðeigandi samfelldan texta eftir fyrirmyndum t.d. dagbókarbrot, frásagnir, texta við myndir o.s.frv.
- þjálfist í réttri stafsetningu

Námsefni: Action lesbók og vinnubók, Ensk málfræðiljósrit úr A, B og C bók. Lestextar, vinnubækur, krossgátur og annað ítarefni af Skólavefnum og vef Námsgagnastofnunar. Léttlestrarbækur á ensku. Leitast er við að finna hverjum og einum nemanda námsefni við hæfi.

Kennslutilhögun:Bókin Action er lögð til grundvallar og nemendur vinna markvisst með hana allan veturinn. Farið er yfir hvern kafla í grunnbókinni fyrir sig og verkefni í vinnubókinni unnin samhliða. Nemendur læra að lesa, glósa og þýða texta bæði heima og í skóla. Nemendur læra að skrifa einföld orð og setningar og þýða þau með aðstoð orðabókar. Nemendur læra að hlusta á texta ásamt því að skrifa algeng orð og einfaldar setningar. Unnið verður með blaðagreinar og dægurlagatexta.

Heimanám: Það er í höndum nemandans hversu mikið heimanámið er hverju sinni. Nýti hann tíma sinn 100% í kennslustundum ætti heimanám að vera hverfandi utan þeirra verkefna sem metin eru til einkunnar og nemandinn vill vinna í friði og ró. Verði nemandi á eftir í verkefnavinnu skal hann vinna það upp með heimanámi**. Áform vikunnar skal ávallt skrá í skipulagsbókina Skjatta í samráði við kennara.**

Námsmat: Verkefni anna verða metin, símat, og gilda 50% af einkunn. Símat vetrarins felst í fjórum atriðum, **virkni** (tekur nemandi þátt í öllu í náminu, leggur hann sig fram o.s.frv.) **samvinnu** (getur hann unnið í hóp og hefur hann góð áhrif á framvinndu annarra í náminu) **ástundun** (vinnur nemandi þau verkefni sem lögð eru fyrir), **samskipti** (eru samskipti við kennara og samnemendur góð og byggð á vilja til að auka árangur sinn og samnemenda). Nemendur taka próf í lok hverrar annar sem skiptist í munnlegt próf sem gildir 10% og skriflegt próf sem gildir 40%. (Eingöngu er prófað úr námsefni sem búið er að vinna með).

Danska

Kennslustundir: 3 Kennari: Árný Huld Haraldsdóttir

Yfirmarkmið:

Danska er eitt af tungumálum Norðurlandanna og frábært er að geta skilið og talað við fólk á Norðurlöndum. Mikilvægt er að tengslum við Norðurlöndin sé viðhaldið og þau efld vegna samskipta og menningartengsla norrænna þjóða.

Námsefni:
Start lesbók, vinnubók og hlustunarefni. Smart lesbók, vinnubók og hlustunarefni tengt þeirri bók.
Ung i 8. klasse lesbók og verkefni tengt bókinni. Ýmis málfræðiverkefni og leikir tengdir námsefni. Einnig verður unnið með danska tónlist, krossgátur, brandara og fleira áhugavert efni.

Námsmarkmið:
Markmiðið með dönskukennslu er að nemandinn verði fær um að tjá sig bæði munnlega og skriflega. Einnig er markmið að fá nýja sýn á danska siði, menningu og þjóðfélag. Alltaf er gaman að læra nýtt tungumál og geta notfært sér þá þekkingu til gagns og gamans.

Hlustun: Lögð er áhersla á að nemandi:
- skilji fyrirmæli og leiðbeiningar í tali kennara og í hlustunarefni
- skilji aðalatriði í samtölum, frásögnum og tilkynningum
- geti fylgst með og haldið þræði í efni sem hann þekkir vel

Lestur: Lögð er áhersla á að nemandi:
- geti fundið upplýsingar í einföldum texta sem tengist viðfangsefninu
- geti lesið stutta texta og skilið aðalatriði hans með því að nota bakgrunnsþekkingu sína og lesið sér til gagns og gamans

Talað mál: Lögð er áhersla á að nemandi:
- geti tjáð skoðanir sínar, tilfinningar og þegar talað er um málefni sem hann þekkir
- geti sagt frá sjálfum sér á einfaldan hátt
- geti sagt stutta sögu eða lýst einhverju út frá myndum eða minnispunktum
- hafi nokkuð réttan framburð á mikið algengustu orðum í dönsku
- geti notað grunnorðaforða um efni, sem fengist hefur verið við, á eigin forsendum í nýju samhengi
- geti unnið stýrðar samtalsæfingar

Ritun: Lögð er áhersla á að nemandi:
- geti skrifað stuttar og einfaldar frásagnir byggðar á orðaforða sem tengist viðfangsefninu
- geti skrifað dagbók og stutt persónuleg sendibréf eins og boðskort, jólakort og afmæliskort
- geti skrifað stutta texta út frá myndum, myndasögum, fyrirmælum eða lýsingu á aðstæðum

Málfræði: Lögð er áhersla á að nemandi:
- geti notað ákveðinn greini nafnorða

- þekki reglulega fleirtölu nafnorða
- hafi náð valdi á beygingu algengra sagna

Leiðir: Námið verður einstaklingsmiðað og nemendur vinna á sínum hraða þó fylgjast nemendur að í grunnbókum Start og Smart.
Unnið verður samhliða með lestur, hlustun, ritun, tjáningu og leiki út frá námsefninu.
Lögð verður áhersla á að auka orðaforða, skilning og áhuga nemenda á dönsku og Danmörku.

Námsmat: Próf verða haldin í lok hverrar annar og gilda þau 50% á móti 50% símati. Símat felur í sér mat á ástundun og vinnuframlagi nemenda heima og í kennslustundum. Í lok skólaárs fá nemendur lokaeinkunn sem reiknast sem meðaltal af annareinkunnunum þremur.

3. Ýmsar upplýsingar

Námsmat. Einkunnakvarðinn er frá 1,0 til 10,0 í heilum og hálfum tölum.
Formleg próf eru í nóvember, febrúar og maí. Niðurstöðum úr könnunum verður komið til skila á mentor.is.
Ofangreind skilgreining á við í öllum námsgreinum nema annað sé tekið fram.

Heimanám. Hafið hugfast að námsgengi nemenda ræðst ekki síst af eftirliti foreldra með heimanámi og ástundun og aðstoð eftir því sem þörf krefur. Námið er samvinna nemandans, foreldra og kennaranna, góð samvinna og gagnkvæmur skilningur er oftast forsenda fyrir góðum námsárangri.
Með kærri kveðju og ósk um gott samstarf.

Með kveðju
Hrafnhildur Guðbjörnsdóttir
hrafnh@snerpa.is
Jóhanna Ása Einarsdóttir
stebbij@snerpa.is